

yfirdómi, og ákveðst hann 30 kr. En eigi þykir ástæða til að dæma héraðsdómendunum málskostnað, með því að þeim var eigi stefnt til ábyrgðar.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi, hreppsnefnd Holtahrepps, greiði stefnda, hreppsnefnd Ásahrepps, 30 krónur í málskostnað fyrir yfirdómi áður en liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 8. marz 1915.

Nr. 39/1914.

Guðmundur Jónasson  
 gegn  
 Boga Magnussen.

Dómur:

Þegar mál þetta var tekið fyrir í yfirdóminum 16. nóv. f. á. fekk áfrýjandi, með samþykki stefnda, frest til málsútlistunar til 1. þ. m. Í 2. réttarhaldi málsins síðarnefndan dag beiddi áfrýjandi aftur um frest til málsútlistunar til 12. apríl þ. á., af því að hann hefði ekki getað fengið dómsgjörðir í málinu, og studdi þá beiðni sína við símskeyti, dags. 27. f.m.

frá hinum setta sýslumanni í Dalasýslu, en þar var málið dæmt í héraði, þar sem hann (sýslumaðurinn) lýsir því yfir, að dómargerðir í málinu verði eigi gefnar út að stöddu, af því að 2 málsskjöl séu honum óafhent. Stefndi hefir mótmælt því, að lengri frestur verði veittur, og krafist þess, að málinu verði vísað frá yfirdóminum og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað.

Með því að stefnda er eigi skylt að biða þess í óvissu hvort eða hvenær dómgjörðir verði gefnar út í málinu og áfrýjandi komi fram með kröfur sínar og málsútlitun, á hann rétt á því, samkvæmt tilskipun 3. júní 1796, 5. og 6. gr., að kröfur hans um frávisun málsins frá yfirdómi og um málskostnað verði teknar til greina, og ákveðst málskostnaðurinn 15 kr.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu visast frá yfirdóminum. Áfrýjandi, Guðmundur Jónasson, greiði stefnda, Boga Magnussen, 15 krónur í málskostnað, áður en 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri laga-aðför.